

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um samstarf milli leikskóla og grunnskóla og mikilvægi þess að hafa samstarf á milli þessara stofnana. Skoðuð er stuttlega þróun leikskólagöngu á Íslandi og hvaða álit almenningur hafði gagnvart dagheimilum og leikskólum áður fyrr. Sagt er frá stofnun fyrsta forskólans 1970, hvernig staðið var að skipulagningu hans og hverjir stóðu að honum. Fjallað er um þann mun sem er á kennsluáferðum í leikskólum og grunnskólum, hvað aðalnámskrár beggja skólastiga segja um samstarf og hvaða leiðir kennarar og leiðbeinendur geta farið til að efla það. Komið er inn á foreldrasamstarf og hvaða máli samstarf foreldra við bæði leikskóla og grunnskóla skiptir til að auðvelda börnum að flytjast á milli skólastiga.

Í þessari rannsókn er skoðað hvort samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla, og ef svo er á hvaða hátt það er uppbyggt. Sjónum er einkum beint að samstarfi milli þeirra tveggja grunnskóla sem eru á Akranesi við þrjá leikskóla bæjarins, en einnig er fjallað stuttlega um samstarf á þremur öðrum stöðum á landinu. Þá er skoðað hversu aðgengilegar upplýsingar eru á vefslóðum ýmissa leikskóla.

Helstu niðurstöður sýndu að samstarf er almennt gott. Hjá bæði leikskólum og grunnskólum virðist vera lögð áhersla á að tryggja að samfella skapist í námi barna, séð til þess að elstu börn leikskólanna fái að kynnast grunnskólunum þannig að þau finni til öryggis þegar þau hefja þar nám og einnig er þess gætt að grunnskólanemendur þurfi ekki að slíta öll tengsl við leikskólann þótt þau hafi flutt á milli skólastiga.

Abstract

This graduating thesis deals with cooperation between pre-schools and elementary schools and how important this cooperation is. The development of play-schools in Iceland is briefly examined, and how the general public reacted towards nurseries and play-schools to begin with. The establishment of the first pre-school in 1970 is reported, how it was planned and organized, and who were in charge there.

Different teaching approaches at pre-schools and elementary schools are discussed, what national curriculum guides of both school levels say about cooperation, and which methods teachers and instructors may apply to promote it. Parent cooperation is mentioned and how important it is that parents cooperate with both pre-schools and elementary schools so as to facilitate the transition of their children from one level to another.

This study examined whether there was cooperation between pre-schools and elementary schools and where there is cooperation how it is organized. Particular attention was paid to cooperation between the two elementary schools in Akranes and the three pre-schools there. Cooperation in three other places in Iceland is also dealt with briefly, and websites of various pre-schools were examined with respect to how accessible information is.

The main conclusions reveal that cooperation is generally good. Both school levels seem to emphasize a continuum in the children's studies, and to ensure that the oldest children in the pre-schools are introduced to the elementary schools so as to create a sense of security at the commencement of their studies there. They also try to ensure that elementary school pupils need not terminate all connections with their pre-schools at moving from one educational stage to another.